

# FUNDARGERÐ

## BYGGÐARRÁÐS HÚNAÞINGS VESTRA

591. fundur byggðarráðs Húnaþings vestra haldinn mánudaginn 23. mars 2009 kl.  
10:00 í fundarsal Ráðhúss.

### Dagskrá:

1. Viðræður við fulltrúa Skólabúðanna að Reykjum.
2. Bréf Skipulagsstofnunar.
3. Aðalfundarboð Veiðifélags Arnarvatnsheiðar og Tvídægru.
4. Aðalfundarboð Veiðifélags Víðidalsár.
5. Bréf Menntamálaráðuneytisins.
6. Tjaldsvæði í Kirkjuhvammi.

### Afgreiðslur:

1. Fulltrúar Reykjatanga ehf., rekstraraðila Skólabúðanna að Reykjum í Hrútafirði, Halldóra Árnadóttir og Karl B. Örvarsson, eru mætt til fundar með byggðarráði. Farið var yfir stöðu reksturs skólabúðanna. Samþykkt að Halldóra og Karl leggi taki saman greinargerð sem m.a. innihaldi rekstraráætlun fyrir skólaárið 2009-2010 auk fleiri upplýsinga og kynni fyrir byggðarráði á fundi í maímánuði nk.
2. Fram lögð bréf Skipulagsstofnunar. Í fyrra bréfinu eru gerðar nokkrar athugasemdir v/ fyrirhugaðrar auglýsingar tillögu um breytingu á Aðalskipulagi Húnaþings vestra 2002-2014 v/ Höfðabrautar, Eyrarlands og Búlands á Hvammstanga. Byggðarráð vísar bréfinu til skipulags- og umhverfisráðs.  
Í seinna bréfinu eru lagðar fram athugasemdir Skipulagsstofnunar v/ deiliskipulags í landi Bessastaða. Samþykkt að vísa bréfinu til skipulags- og umhverfisráðs.
3. Fram lagt aðalfundarboð Veiðifélags Arnarvatnsheiðar og Tvídægru. Fundurinn verður haldinn 2. apríl nk. kl. 21:00. Sveitarstjóri verði fulltrúi Húnaþings vestra á fundinum og oddviti til vara.
4. Fram lagt aðalfundarboð Veiðifélags Víðidalsár. Fundurinn verður haldinn 28. mars nk. kl. 13:00. Sveitarstjóri verði fulltrúi Húnaþings vestra á fundinum og oddviti til vara.
5. Fram lagt til kynningar bréf Menntamálaráðuneytisins þar sem kynnt er ráðstefnan Menningarlandið 2009. Ráðstefnan verður haldinn í Stykkishólmi 11. og 12. maí nk.
6. Fram lögð umsókn frá Ólafi H. Guðmundssyni þar sem hann óskar eftir því að taka að sér rekstur tjaldsvæðisins í Kirkjuhvammi. Byggðarráð felur sveitarstjóra að ganga til samninga við Ólaf um rekstur tjaldsvæðisins.

Fundargerð upplesinn og samþykkt.

Fundi slitið kl. 12:20

*Alma R. Þorvaldsson*  
*Guðmundur H. Guðmundsson*  
*Guðmundur H. Guðmundsson*

*Ólafur H. Guðmundsson*

Áheyrnarfulltrúi:

*Ólafur H. Guðmundsson*